

Bændasamtök Íslands - Bændatorg

INNSKRÁÐUR:

Halla Bjarnadóttir
Almennur notandi
artun861@gmail.com
Útskrá
Hjálp

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

BÆNDATORG

Umsóknir um vatnsveitustyrki á lögbýlum

mánudagur 03. febrúar 2020 - Jón Baldur Lorange - Huppa, Bændatorg

Matvælastofnun hefur opnað fyrir umsóknir um styrki vegna vatnsveita á lögbýlum í samræmi við reglugerð um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til vatnsveitna á lögbýlum nr. 180/2016.

Umsóknum um stuðning skal skilað inn rafrænt á Bændatorginu eigi síðar en 29. febrúar 2020.

Ath. að umsóknarfrestur verður ekki framlengdur.

Fylgigögn sem skila þarf með umsókn eru:

- Mat Búnaðarsambands á þörf býlis fyrir framkvæmd.
- Kostnaðar- og framkvæmdaráætlun.
- Sé um byggingu að ræða skulu fylgja teikningar.
- Umsögn viðkomandi sveitastjórnar um að skilyrði 1. mgr. 1. gr. ofangreindrar reglugerðar séu uppfyllt, þ.e. að hagkvæmara sé að mati sveitastjórnar að leggja vatnsveitu að einstökum bæjum, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga um vatnsveitur sveitafélaga nr. 32/2004.

Stuðningur fyrir hverja framkvæmd getur að hámarki numið 44% af stofnkostnaði við vatnsveitu til heimilis- og búsparfa.

Nánari upplýsingar veitir Matvælastofnun í síma 530-4800.